Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

18. tölublað Mánudagur 1. maí 1978 7. árgangur verð kr. 100.-

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Samstaða verkalýðsins er nauðsynleg

Nokkur undanfarin ár hafa Baráttueining og Rauð verkalýðseining staðið fyrir sjálfstæðum aðgerðum á 1. maí.

Það hafa verið bæði kröfugöngur og útifundir og í þeim hefur verið mikil þátttaka, jafnvel svo mikil að samanlagt hafa þær verið fjölmennari en aðgerðir ASÍ-forystunnar. En vegna sundrungarinnar hefur þessi styrkur ekki komið fram sem skyldi. Ævinlega hefur þó verið reynt að ná samstöðu um sameiginlegar aðgerðir, en vegna lítils skilnings pólitísku samtakanna, Fylkingarinnar og KSML/KFÍml, á mikilvægi þess að standa saman í baráttunni gegn höfuðóvininum, stéttasamvinnuforystunni í ASÍ og auðvaldinu, hefur þetta ekki tekist.

Í ár hefur orðið nokkur breyting á þessu og á fundi sem KFÍml boðaði til alla þá "vinstri"hópa og samtök sem staðið hafa fyrir róttækri baráttustefnu í verkalýðshreyfingunni, kom fram greinilegur vilji til samstöðu um sameiginlegar aðgerðir. Það voru þó ekki allir sem álitu þetta sérlega mikilvægt en töldu sundrunguna þjóna betur sínum markmiðum. Sá aðili sem þannig hegðaði sér var hópurinn kringum "Verkalýðsblaðið" Eik(ml). Á þessum fundi lýsti fulltrúi þeirra því yfir að þeir tækju ekki þátt í neinu samstarfi þar sem Fylkingin væri með. Raunar lýsti Fylkingin því einnig yfir að hún vildi ekki neitt með Eik(ml) hafa. Eftir nokkrar vægast sagt ómálefnalegar orðahnippingar, gengu fulltrúar Eik(ml) af fundi, en þeir sem eftir sátu ákváðu að halda áfram samfylkingartilraunum.

Framhald á bls 3.



í blaðinu

Samningar við ISAL
SJÁ BAKSÍÐU

Um S-Afríku
SJÁ BAKSÍÐU

Um Ísrael
SJÁ SÍÐU 6

Öflugri og virkari aðgerðir

Liðnar eru rúmlega tvær vikur síðan útflutningsbann Verkamannasambandsins gekk í gildi. Á stuttri sögu þess hefur ýmislegt gerst. Atvinnurekendur hótuðu verkbönnum og fengu undanþágur víðs vegar um land. Barátta kom upp milli Alþýðuflokkskratanna og Alþýðubandalags-"sósíalistanna" í forystu Verkamannasambandsins, því kratarnir höfðu svo mikla "umhyggju" fyrir verkalýðnum, að þeir vildu ómögulega að hann berðist gegn auðvaldinu. Nema þá með allsherjarverkföllum, sem hafa sýnt sig vera máttlítil og óhentug baráttuaðferð. Guðmundur J. Guðmundsson varaformaður Dagsbrúnar og formaður Verkamannasambandsins með meiru, gaf atvinnurekendum þegar í stað fögur fyrirheit um undanslátt og undanþágur frá banninu. Þökkuðu atvinnurekendur pent fyrir sig og gengu á lagið þegar í stað. Ekki er þó um ótakmarkaðar undanþágur að ræða en þau rök sem Guðmundur ber fram er að ekki sé rétt að vinna leggist niður t.d. í frystihúsunum. Þessi röksemd er allra góðra gjalda verð en það byggist á því hvernig á málið er litið. Guðmundur vill ekki að vinnan leggist niður vegna umhyggju sinnar fyrir afkomu atvinnuveganna. Það þýðir að hann er samþykkur því arðránsfyrirkomulagi sem ríkir hér í þjóðfélaginu.

Kommúnistar líta hins vegar svo á að orsök allra vandamála á vinnumarkaðinum sé tilkominn vegna einkaeignar atvinnurekenda á atvinnutækjunum og framleiðsluafurðunum. Þeir telja að atvinnurekendur eigi alla sök á verkföllum og þegar þeir svo mikið sem nefna það að setja á verkbönn, keyrir ofstæki arðræningjanna um þverbak.

Það hlýtur hver ærlegur maður að skilja að frá siðferðilegu sjónarmiði nær það engri átt að kannski 3-4 menn geti hótað 700-800 manns atvinnuleysi, eingöngu vegna skertra gróðamöguleika sinna.

En það var einmitt það sem gerðist í Vestmannaeyjum.

En hvernig brást forysta Verkamannasambandsins við hótunum atvinnurekenda um verkbann á verkafólk í frystihúsum (sem táknar einnig atvinnuleysi fyrir sjómenn) og hvernig bregðast kommúnistar við? Forysta Verkamannasambandsins veitti undanþágur og býsnaðist ekkert yfir svo ofstækisfullum gagnaðgerðum atvinnurekenda. Kommúnistar aftur á móti líta svo á að

framhald á síðu 3

Innifundur 1. Maí í Þjóðleikhúskjallaranum kl: 16

Mætum öll á baráttu-og skemmtifund Baráttueiningar 1. maí. Þar verður ýmislegt til skemmtunar og fróðleiks. Skemmtiatriðin eru Sönghópur frá Alþýðumenningu, Hjördís Bergsdóttir og Sönghópur Rauðsokka. Tvö ávörp verða flutt. Á fundinum verður hægt að kaupa kaffi og meðlæti. Menn geta komist inn í húsið kl. 15.30, en dagsskrá hefst kl. 16.00.

LEIÐARI

Hverju ræður atkvæði þitt?

Þann 25. júní fara fram kosningar til Alþingis. Kommúnistaflokkur Íslands hefur opinberlega lýst því yfir að hann muni taka þátt í þessum kosningum og mun hann a. m. k. bjóða fram í Reykjavík. Í kosningabaráttunni mun flokkurinn leggja höfuðáherslu á þrjá málaflokka en þeir eru efnahags-og kjaramál, baráttan fyrir verndun og aukningu lýðréttinda og baráttan fyrir brottför hersins og úrsögn Íslands úr NATO, auk baráttu gegn allri heimsvaldastefnu.

Varðandi efnahags-og kjaramál leggur Kommúnistaflokkur Íslands áherslu á að stefnt skuli að því markmiði að lífvænleg laun verði greidd fyrir 40 stunda vinnuviku. Þessu markmiði verður aldrei náð nema verkalýðurinn skipuleggi sig til þrotlausrar baráttu, þ.e. endurvekji stéttarfélög sín sem baráttutæki. Stefna auðvaldsins í efnahagsmálum er að varpa skuldabyrði sinni yfir á verkalýðinn en hirða gróðann af atvinnu hans. Þetta kemur hvað skýrast fram í því að þrátt fyrir að útflutningsverðmæti hafi aukist um 25% milli áranna 1976 og 77 varð viðskiptahallinn 2,6% af þjóðartekjum og erlendar skuldir jukust um 19,3 miljarða. Og ástæðan, jú forsætisráðherra segir að við höfum eitt svo miklu. En hverjir eru þessir við? Í tilfelli forsætisráðherrans er það kannski eðlilegt að hann noti orðið við um sig og sína kollega þ.e. auðmenn landsins. Eitt er víst að það er ekki verkalýður þessa lands sem hefur eitt þessum fjármunum. Nei það eru auðmennirnir sem hafa eitt gróðanum enda óx innflutningur sérstakra fjárfestingavara um 46% 1977.

Og til þess að auka enn á gróða sinn voru það auðmennirnir sem tóku erlendu lánin í nafni allrar þjóðarinnar.

Árið 1977 er ekkert einsdæmi hvað þetta snertir. Og með tilliti til þessa lýsir Kommúnistaflokkur Íslands því yfir að verkalýðurinn ber enga ábyrgð á kreppu auðvaldsins. Auðvaldið verður sjálft að borga skuldir sínar.

En hverju ræður atkvæði þitt í komandi kosningum?

Hafa ekki allir þingflokkarnir sýnt það að í grundvallaratriðum fylgja þeir sömu efnahagsstefnu? Og hvernig ætti það annars að vera í landi þar sem auðmennirnir ráða ríkisvaldinu? Nei þitt atkvæði er fundið ansi léttvægt nema þú styðjir baráttustefnu sem beinist gegn efnahagskerfi auðvaldsins. Baráttustefnu sem stefnir að endurskipulagningu verkalýðshreyfingarinnar sem virks baráttutækis í höndum verkalýðsins sjálfs. Baráttustefnu sem krefst m.a. lífvænlegra launa fyrir 40 stunda vinnuviku og að auðvaldið borgi eigin kreppu. Baráttustefna sem vísar á bug afskiptum rikisvalsdsins af samtökum verkalýðsins og krefst aukinna lýðréttinda verkalýðnum til handa. Baráttustefna sem vill tryggja sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar og krefst baráttu gegn báðum risaveldunum Sovétríkjunum og Bandaríkjunum. Þessi baráttustefna er sú leið sem ein er fær verkalýðnum til þess að varpa af sér oki auðsafnaranna. Þess vegna er mikilvægt að þú sýnir stuðning þinn við hana í komandi kosningum.

Stéttabarátta í hnotskurn

FRAMHALD AF SÍÐU 4

andi fólks og til þess að auka gróða atvinnurekenda.

Ólögin eru meira en það að vera kjaraskerðing. Þau eru bein árás á þau grundvallarmannréttindi sem frjáls samningsréttur er. Þau rifta án fyrirvara gerðum kjarasamning milli atvinnurekenda og hinna vinnandi stétta. Þau eru í raun gróft brot á gildandi lögum í þjóðfélaginu og því er réttnefni þeirra ólög.

Viðbrögð verkalýðsforystunnar

Þrátt fyrir öll sín gífuryrði er ekki hægt á nokkurn hátt að segja að verkalýðsforystan hafi brugðist af röggsemi við til andstöðu gegn ólögunum.

Þeim hefur hún jú mótmælt en um raunhæfar aðgerðir gegn þeim hefur ekki verið að ræða. 1. og 2. mars stóðu forystumenn ASÍ og BSRB fyrir allsherjarverkfalli í tvo daga og útifundi í Reykjavík.

Þessar aðgerðir höfðu mikilvægt pólitískt gildi í mótmælaskyni, því þær voru "ólögleg" uppreisn gegn ríkisvaldi auðstéttarinnar og sýndu fram á það að lög eru sett til að þjóna hagsmunum þeirra sem þau setja og siðferðisvitund vinnandi fólks meinar því að beygja sig undir ólög auðvaldsins.

En dökka hliðin á þessum aðgerðum beinist enn að forystumönnum þeirra, því þeim láðist í flestum tilfellum að leita samráðs á félagsfundum um að gripið skyldi til "ólöglegra" aðgerða. Enginn vafi er á að hefði það verið gert væri fjöldi þeirra sem lagði niður vinnu 1. og 2. mars mun meiri.

En eins og fyrr greinir var tveggja daga allsherjarverkfallið aðeins mótmælaaðgerð en ekki efnahagsleg þvingunaraðgerð til að fá atvinnurekendur og ríkisvald þeirra til að láta af kjararánslögum sínum.

Útflutningsbann Verkamannasambandsins

Laust fyrir miðjan apríl gekk í gildi útflutningsbann sem sett var á af hálfu forystumanna Verkamannasambandsins. Þá voru liðnir 2 mánuðir frá því ólögin voru sett á án þess að forystumenn nokkurra verkalýðssamtaka hefðu haft rænu á að hefja baráttu gegn þeim. Svo djúpt eru stéttasamvinnumennirnir í forystusætum verkalýðssamtakanna sokknir í þjónkun sinni við auðvaldið.

Útflutningsbann getur verið mjög öflug aðgerð ef rétt er að henni staðið. En það er ekki hægt að standa að kraftmikilli verkalýðsbaráttu nema ekkert tillit sé tekið til hagsmuna atvinnurekenda. Því þeir byggja alla afkomu sína á því að arðræna vinnandi fólk og eiga því sem slíkir ekkert gott skilið.

Strax eftir að útflutningsbannið kom til framkvæmda fór að heyrast barlómur atvinnurekenda. Báðu þeir og hótuðu á vígsl. Ein hótunin sem frá þeim fór var sú að leggja yrði niður vinnu á fjölmennum vinnustöðum s. s. frystihúsum og fiskiskipum.

Það heitir með öðrum orðum að þeir ætli sér að setja á verkbann. En hvaða rétt hafa þeir þessir örfáu auðjöfrar sem ekkert vinna, til að drottna yfir lífsafkomu þúsunda fólks. Í krafti einkaeignar sinnar á atvinnutækjunum og yfirráða sinna yfir efnahagslífinu veita þessir menn sér réttindi til að stöðva atvinnulífið í landinu og kalla atvinnuleysi og örbirgð yfir alþýðuna.

Atvinnurekendur og verkafólk eiga engra sameiginlegra hagsmuna að gæta og við það verður að miða útflutningsbannið. Það verður að vera mun kraftmeira og undansláttur eins og viðgengist hefur má engan vegin líðast.

Ólögin og aðgerðirnar gegn þeim hafa sýnt fólki fram á hversu forystumenn verkalýðshreyfingarinnar eru hlynntir málstað atvinnurekenda, ef ekki í orði þá í verki.

Fyrir það fyrsta er hneyksli að það skuli líðast að hluti forystumanna í samtökum alþýðunnar skuli vera Sjálfstæðismenn þ.e. sótsvört íhöld. Þeir menn hafa svikið í hverri í hreyfingu sem risið hefur upp gegn auðstéttinni, nú síðast í baráttunni gegn ólögunum og þeim verður við fyrsta tækifæri að steypa af valdastóli.

Alþýðubandalagsmenn og Alþýðuflokks í forystu verkalýðshreyfingarinnar hafa hvorir um sig reynt eftir megni að hagnýta sér og sínum flokki það ástand sem skapast hefur í stéttabaráttunni. Báðir aðilar leggja höfuðáherslu á sína flokkspólitísku hagsmuni og reka harðan áróður fyrir því að ef þeir verði kosnir í bittling á Alþingi verði öllum erfiðleikum og vandamálum í þjóðfélaginu hnekkt. Þessi áróður er lýðskrum og það veit fólk af fenginni reynslu fyrri "vinstri"stjórna. Báðir þessir aðilar hafa snúist gegn lýðræðinu innan verkalýðshreyfingarinnar, gegn fjöldabaráttunni og meðvitaðri virkni fjöldans.

Afstaða Kommúnistaflokksins

Kommúnistaflokkurinn leggur áherslu á að verkalýðsstéttin skipuleggi sig ásamt með bandamönnum sínum til til óvæginnar baráttu gegn atvinnurekendum. Hann hefur lagt til að barist verði með skæðasta verkfallsvopninu þ.e. skæruverkföllum. Það táknar að aðeins lítill hluti verkalýðsstéttarinnar, sem vinnur í mikilvægum framleiðslu eða samgöngugreinum, þurfi að leggja niður vinnu en þeir sem vinni styðji þá sem í verkfallsbaráttunni standa.

Kommúnistaflokkurinn hefur tekið upp baráttu gegn þeirri eftirgjafa-og undansláttarstefnu sem rekin er af forystumönnum í verkalýðshreyfingunni gagnvart atvinnurekendum. Hann berst gegn áhrifum þessara manna sem með grímu "sósíalisma" fela sáttfýsi sína við atvinnurekendur.

Kommúnistaflokkurinn berst fyrir auknu lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar og virkni og áhrifum almennra félaga í mótun starfs og stefnu verkalýðsfélaganna.

Kommúnistaflokkurinn leggur áherslu á kröfuna um lífvænleg laun fyrir dagvinnu, í kjarabaráttunni. Sú krafa hefur sameinað verkalýðinn gegn um árin, bæði hérlendis og erlendis. Í kjarabaráttunni er ekki hægt að leggja einhliða áherslu á fagkröfur og heldur verður sú barátta að skoðast í ljósi pólitísku baráttunnar einnig. Krafan um að verkafólk lifi af dagvinnu einni saman er þýðingarmikil pólitísk krafa sökum þess sérstaklega að hún táknar stóraukinn tíma fyrir verkafólk til að sinna þjóðfélagsmálum.

Kommúnistaflokkurinn hefur engra hagsmuna að gæta nema hagsmuna verkalýðsstéttarinnar. Efling hans er þáttur sem er nauðsynlegur verkalýðsstéttinni í baráttu hennar fyrir sósíalismanum og kommúnismanum.

Kommúnistaflokkurinn hefur sett sér það markmið að starfa hvar sem er og hvenær sem er, þar sem hann getur orðið verkalýðsstéttinni að gagni.

Baráttueining 1. MAI Rauð verkalýðs eining

LAUSASÖLUVERÐ HÆKKAR ÚR 80 kr í kr. 100.-

ÁSKRIFTAVERÐ ER ÓBREYTT, eða kr. 3.500.- fyrir venjulega áskrift og kr. 5.500.- fyrir baráttuáskrift. GERIST ÁSKRIFENDUR - ÞAÐ ER ÓDÝRARA OG BLAÐIÐ BERST REGLULEGA. SÍMI 27810 eða P. O. BOX 1357, 121 R. GIRO NR 27810-6.

Þar sem lausasöluverð blaða hefur verið hækkað og verðbólgan brennir óðfluga tekjur Stéttabaráttunnar, hefur ritstjórn ákveðið að hækka lausasöluverð blaðsins. Við höfum yfirleitt ekki hækk. að blaðið um leið og önnur blöð og munum halda áfram að stilla verði okkar í hóf. Við lækkuðum verð blaðsins einu sinni og er það nú komið upp í það sem það var mest áður.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357 121 R einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15, opið mánud. - föstud. kl. 15:30 - 18:30.

● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson, Hellisbraut 10, Hellissandi og Gísli Hjaltason pósthólf 63, Stykkishólmi.

● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.

● Akureyri: Jón Atli Jatvarðsson, Skarðshlíð 30.

● Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.

● Hornafjörður: Skúlí Waldorff, Silfurbraut 2.

● Vestmannaeyjar: Helga Jónsdóttir, Brekastíg 24 b 900 Vestmannaeyjum.

● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjavíkurvegi 24.

● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 11N:220, 222 46 LUND. Hrólfur B. Ágústsson Uppstigen 139-31, 421 80 GÖTEBORG.

VERÐBÓLGAN SÁLRÆN?

framhald af baksíðu

en þess í stað tekin upp mörk af erlendum sið. Þingmaðurinn mæltist til þess að hinir nýju seðlar verði gerðir úr gagnsæjum pappír og kallaðir heiðmörk. Eyðslufé landsmanna verði nefnt eyðimörk, en lífeyrir aldraðra ellimörk".

Að lokum skál á það bent að undirritaðum þykir skynsamlegt að taka upp nafnið dalir á hina nýju mynt til samræmis við nafn guðföðurs íslensks efnahagskerfisins Norðdal.

Glámur.

Samstaða verkalýðsins er nauðsynleg

framhald af forsíðu

halda áfram samfylkingartilraunum.

Það er skemmst frá að segja að samkomulag náðist sem Baráttueining og Rauð verkalýðseining boðuðu síðan sameiginlega til. Sú samfylking táknar vonandi nýtt ástand, þar sem róttækari hluti verkalýðshreyfingarinnar kemur fram á 1. maí sem einingarafl gegn auðvaldinu og stéttasamvinnu ASÍ-forystunnar.

Um hvað náðist eining?

Það var sameiginlegt álit Kommúnistaflokksins og Fylkingarinnar að láta ekki skipulag aðgerðanna koma í veg fyrir samstarfið. Báðir aðilar urðu því að gefa nokkuð eftir hvað varðar venjur hvers um sig um skipulag en þau samtök sem taka þátt í aðgerðunum, var i pess stað skipað í sérstakar deildir í göngunni. Þau samtök sem að aðgerðunum standa fengu síðan hver sinn ræðumann, svo fyllsta jafnréttis væri gætt hvað varðar framkvæmd aðgerðanna.

Þó eining hafi náðst um framkvæmdahlið aðgerðanna, ber þó margt á milli í pólitískum baráttumálum milli Kommúnistaflokksins og Fylkingarinnar. Til þess að þessi samfylking næði fram að ganga hefur því orðið að gera nokkra málamiðlun. Á hverjum tíma verður að meta það hvort málamiðlunin þjónar markmiðum baráttunnar og sé nauðsynleg þess vegna. Hvað varðar 1. maí í ár er það mat Kommúnistaflokksins að hann geti gengið til samfylkingar, sem hafi það sem aðalbaráttumál að berjast gegn auðvaldinu og stéttasamvinnunni. Um þetta náðist eining og pólitískur grundvöllur aðgerðanna er í þeim anda sem Kommúnistaflokkurinn lagði til í upphafi og getur fellt sig við. Í honum eru kjörorð sem miða að því að endurreisa stéttarfélögin sem baráttutæki og gera lýðræðið virkt innan þeirra. Í dag er þetta mjög mikilvæg barátta og nauðsynlegt er að sýna fram á vilja róttækasta hluta verkalýðsins til að vinna sameiginlega að framgangi hennar.

Því er oft haldið fram að enginn árangur náist af baráttunni vegna þess að þeir sem vilja koma á einhverjum raunverulegum umbótum geti ekki starfað saman. Innan verkalýðsfélaganna hefur þetta verið afsannað en þar starfar róttæk andstöðuhreyfing. T.d. í Dagsbrún hefur náðst nokkuð víðtæk samstaða um baráttuna gegn svikum forystunnar. Þessa hreyfingu er nauðsynlegt að efla sem mest og styrkja. Það má því líta á sameiginlegar aðgerðir Baráttueiningar og Rauðrar verkalýðseiningar sem framhald af þeirri stefnu sem rekin hefur verið innan verkalýðsfélaganna. Þó hafa aðgerðirnar 1. maí auðvitað sína sérstöðu og eru innihaldslega nokkuð frábrugðnar.

Barátta gegn allri heimsvaldastefnu.

Það hefur oft áður slitnað upp úr samningaviðræðum vegna mismunandi afstöðu til Rússlands. Það hefur verið deilt um hvort kalla eigi vopnað ofbeldi Rússa gegn öðrum ríkjum heimsvaldastefnu eða ekki. Í þetta sinn náðist þó eining um að mótmæla yfirgangi Sovétríkjanna gagnvart öðrum ríkjum en í sérkröfum Kommúnistaflokksins er utanríkisstefnan kölluð réttum nöfnum.

Kommúnistaflokkurinn telur það mjög mikilvægt að barist sé gegn allri heimsvaldastefnu á 1. maí. Það hefur ekki aðeins mikilvægi fyrir Ísland og sjálfráðarétt landsins heldur hefur það alþjóðlegt mikilvægi.

Sovétríkin ógna ekki aðeins Austur-Evrópu. Hernaðaruppbygging þeirra ógnar engu að síður öðrum ríkjum heimsins og heimsfriðnum. Í dag er vígbúnaðarkapphlaupið milli risaveldanna USA og USSR engu líkara en verið sé að undirbúa stríð.

Það er óumræðilega mikilvægt að á þessa hættu sé minnst á 1. maí því þetta kemur íslenskum verkalýð við eins og verkalýð annarra landa. Þess vegna hefur Kommúnistaflokkurinn lagt mikið upp úr því að krafa um baráttuna gegn báðum risaveldunum sé höfð uppi á 1. maí. Það tókst að mestu leiti nú og hernaðarumsvif Sovétríkjanna eru fordæmd um leið og NATO.

Kommúnistaflokkurinn álýtur það óumdeilanlega sýna vaxandi skilning fólks á mikilvægi þess að berjast gegn báðum risaveldunum, hvernig tekið er á málum nú. Það eru stöðugt fleiri að að gera sér grein fyrir hættunni af risaveldunum og stríðsundirbúningi þeirra. Sameiginlegar aðgerðir Baráttueiningar og Rauðrar verkalýðseiningar sína þetta ljóslega og er það mikið ánægjuefni.

framhald af baksíðu

Vesturveldin styðja stjórn Suður-Afríku

Afríku og svo mætti lengi telja. Vegna þessa gífurlega auðs sem finna má í Suður-Afríku hafa auðvaldslöndin ausið peningum í fjárfestingar þar í landi. Upphæðirnar skipta biljónum dollara. Sem dæmi má nefna að bretar einir hafa fjárfest yfir fimm biljónir dollara í Suður-Afríku, sem er tíu prósent allra fjárfestinga þeirra erlendis.

Bretar eru einnig stærsta viðskiptaþjóð Suður-Afríku og á síðasta ári keyptu þeir og seldu vörur fyrir 2,7 biljónir dollara. 400 bresk fyrirtæki eru starfrækt í Suður-Afríku.

Bandaríkin eru önnur stærsta viðskiptaþjóðin og um 350 bandarísk fyrirtæki starfa í Suður-Afríku, með 1,7 biljón dollara fjárfestingu.

Þessi tvö lönd, Bretland og Bandaríkin, hafa í hendi sér ca. 17% erlendrar fjárfestingar í Suður-Afríku og bandarískir bankar lánuðu á síðasta ári um 32% þeirra alþjóðlegu lána sem Suður-Afríku stjórn fékk.

"Við ætlum að vera hér áfram"

Mikil barátta hefur verið háð til að reyna að fá vestrænar ríkisstjórnir til að banna frekari viðskipti og fjárfestingar í Suður-Afríku. Þessi barátta hefur verið háð bæði á almennum vettvangi og einnig á vettvangi Sameinuðu Þjóðanna en borið heldur lítinn árangur. Þrátt fyrir að nokkur fyrirtæki, bankar og örfáar ríkisstjórnir hafi hætt viðskiptum við Suður-Afríku er langt frá því að þessar ráðstafanir hafi nokkur teljandi áhrif á efnahagslíf landsins. (Það má skjóta hér að, að Bandaríkin flytja jafnvel enn út vopn til Suður-Afríku, þau fara einungis lengri leiðina þ.e. gegn um Ísrael, sem er reyndar tryggasti stuðningsmaður kynþátta-og aðskilnaðaðrstefnu stjórnar Suður-Afríku).

Sannleikurinn er sá að auðhringir á Vesturlöndum hafa alls ekki í hyggju að hætta skiptum sínum við Suður-Afríku og hafa jafnvel gert opinber áform sín um frekari fjárfestingar í landinu.

Eftir heimsókn Henry Ford II til Ford Motor Co.s. Port Elizabeth verksmiðjanna í janúar s.l. var tilkynnt um áætlanir um að auka fjárfestingar fyrirtækisins um 8 miljónir dollara. Caltex Petroleum Corp. hefur einnig tilkynnt að það ætli að auka umsvif sín um 134 miljónir í Suður-Afríku. General Motors sem seldi fólks-og flutningabíla fyrir 200 miljónir í Suður-Afríku á síðasta ári, segist engin áform hafa um að minnka starfsemi sína. "Við höfum verið hér í 50 ár og við verðum hér áfram" segir talsmaður GM. Það mætti halda lengi áfram að telja upp staðreyndir um umsvif vestrænna auðhringja í Suður-Afríku en við látum þetta duga í bili.

Eins og sést af fransögðu hefur baráttan á alþjóðlegum vettvangi fyrir ráðstöfunum gegn Suður-Afríku ekki borið tilætlaðan árangur. Vegna þessara slæmu undirtekta hefur Nígeríustjórn látið athöfn fylgja orðum og dregið sjóði sína út úr breskum bönkum sem neitað hafa að draga úr fjárfestingum sínum í Suður-Afríku. Stjórn Kanada hefur einnig slitið öllum efnahagslegum tengslum við Suður-Afríku.

Ódýrt vinnuafl.

Við hinni hörðu gagnrýni sem vestræn yfirvöld hafa mætt vegna ótvíræðs stuðnings síns við stjórn Suður-Afríku og aðskilnaðarstefnu hennar, hafa fengist hin furðulegustu svör. Hlægilegustu röksemdirnar fyrir því að ekki sé rétt að beita viðskiptabanni og hætta starfsemi erlendra fyrirtækja, er sú að vera þessara fyrirtækja í landinu hjálpi til við að berjast gegn og brjóta á bak aftur aðskilnaðarstefnuna. Sannleikur málsins er hins vegar sá að erlendir auðhringir sækjast eftir fjárfestingum og rekstri fyrirtækja sinna vegna hins geysilega háa gróðahlutfalls sem þau fá, einmitt vegna þess hve vinnuafl svertingja er ódýrt í Suður-Afríku.


Fjárfestingar erlendra ríkja í Suður-Afríku eru þvert ofan í hinar kátlegu fullyrðingar auðvaldslandanna, ein höfuðforsenda þess að stjórnin heldur völdum.

Fulltrúi Pan Africanist Congress, þjóðlegra samtaka sem bönnuð eru í Suður-Afríku, David Sibeko hefur bent á að samtök hans (PAC) hafa alltaf krafist algjörrar stöðvunar erlendra fjárfestinga og viðskipta við Suður-Afríku, vegna þess að þetta gerir stjórn Vorsters kleyft að kaupa nóg vopn og vígvélar til að halda niðri alþýðunni í landinu.

Það er mikilvægt fyrir alþýðu Suður-Afríku að treysta samstöðu sína og vopnaða baráttu gegn kúgurum sínum og mikilvægur stuðningur við þessa baráttu er að knýja fram viðskiptabann gagnvart landinu. Þar er fordæmi Nígeríu mjög mikilvægur þáttur.



John Vorster forsætisráðherra Suður-Afríku, alræmdur kynþáttahatari sést hér í góðu yfirlæti með stuðningsmanni sínum, bílaframleiðandanum Henry Ford, auðjöfri frá USA.



Öðru máli gildir um svertingja sem vinna verða hörðum höndum, undir stjórn hvítra yfirmanna og skapa þannig auðinn sem auðjöfrarnir og kynþáttahatararnir velta sér upp úr.

Öflugri og virkari aðgerðir

framhald af forsíðu

treysti atvinnurekendur sér ekki til að reka og halda uppi fullri atvinnu á vinnustöðum sem nauðsynlegir eru fyrir afkomu fólks, þá sé ekkert annað fyrir verkalýðinn að gera en hreinlega taka vinnustaðinn yfir og reka hann á eigin spýtur. Og fyrir því stefna kommúnistar að því að mynda fjöldahreyfingu.

Nýjasta röksemd forystumanna Verkamannasambandsins er sú að útflutningsbannið sé langtímaaðgerð sem eigi ekki að virka að neinu ráði fyrr en með tíð og tíma. Sú röksemd minnir mjög á lata manninn sem fór í hægagangsverkfall og enginn tók eftir því.

Myndum baráttueiningu á 1. Maí

Hartnær hundrað ár eru liðin, síðan verkalýðsstétt heimsins framkvæmdi fyrstu alþjóðlegu baráttuaðgerð sína.

Það var árið 1881. Þá gerðu hundruð þúsunda verkafólks eins dags verkfall til þess að leggja áherslu á kröfu sína um styttingu vinnudagsins. Um alla Evrópu og í Bandaríkjunum stóðu framleiðslutæki auðvaldsins kyrr.

Launaþrælarnir sem hleyptu lífi í þau til þess að skapa auðvaldinu gróða, héldu út á götur heimsborganna til þess að sameinast í baráttunni fyrir 8 stunda vinnudegi.

Dagurinn var 1. maí.

Þessi dagur var valinn með tilliti til þeirrar venju breskra verkalýðssamtaka að halda hátíðlegan fyrsta sunnudag maímánaðar ár hvert. Munurinn var sá, að verkafólk fleiri landa kom til hátíðahaldanna og kærði sig nú kollótt hvort um rúmhelgan dag væri að ræða eða ekki.

Síðar varð 1. maí lögskipaður frídagur víðast hvar um veröldina. Hann hefur ekki alltaf verið það og hefði aldrei orðið það, ef óvægin og þrotlaus barátta verkalýðsins fyrir sameiningu sinni og markmiðum sínum hefði ekki komið til.

1. maí er þess vegna baráttudagur, dagur sameiningar og alþjóðlegrar samstöðu verkafólks og kúgaðrar alþýðu um allan heim.

Baráttan fyrir skipulagningu

Íslenskt verkafólk hóf þátttöku í hinum alþjóðlegu aðgerðum með fyrstu kröfugöngu sinni árið 1923. Ástandið á Ísalandi var mjög slæmt þá. Vinnudagurinn óhóflega langur, kaupgjald mjög lágt og atvinnuleysi i ofan á lag. Alþýða manna bar efnahagskreppu auðvaldsins á herðum sér, til þess að tryggja óskertan gróða auðvaldsins. Eignasvipting smáframleiðenda til sveitanna, flutningur þeirra á mölina eins og kallað var, varð ekki sársaukalaus. Fjöldi manns bjó við hreina neyð og sultarkjör. Íbúðarhúsnæði var lélegt og af skornum skammti. Auðvaldsþjóðfélagið var í hröðum vexti og það þurfti vinnuafl. Þetta vinnuafl var sótt til sveitanna, alþýða landsbyggðarinnar flosnaði upp og hafði engan kost annan en leita sér að launavinnu hjá atvinnurekendum í kaupstöðunum og kauptúnum landsins.

Samhliða vexti auðvaldsins spratt fram ný stétt, sem ekkert átti annað en hendur sínar til að selja - öreigastétt Íslands. Verkalýðurinn sameinaðist í þeim eina tilgangi að fá leiðréttingu lífskjara sinna, að skapa sér skipulag sem verndaði hann gegn yfirgangi og ofbeldi atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra. Og það var fyrir baráttu verkalýðssamtakanna sem nokkur bót vannst á kjörum lýðsins. Samningar voru gerðir við atvinnurekendur um kaup og aðbúnað og árásum auðvaldsins á kjör fólksins var svarað með sameiginlegum aðgerðum. 1. maí varð almennur baráttudagur, þar sem verkafólk fylkti sér um málstað sinn, til þess að minnast þeirrar baráttu sem háð hafði verið og vinna heit að áframhaldandi baráttu undir merkjum sósíalismans.

Klofningur verkalýðssamtakanna á fjórða áratugnum á sér ekki uppruna meðal baráttumanna stéttarinnar. Orsök klofningsins felst í stefnu og starfi þeirra manna, sem notfærðu sér neyð og sameiningu verkalýðsins til þess að skapa sjálfum sér sess í valdastólum auðvaldsríkisins.

Milli borgaralegra foringja og venjulegra liðsmanna verkalýðshreyfingarinnar skapaðist hyldjúp gjá, sem aldrei verður brúuð.

Alþýðuflokksforystan gerði baráttu lýðsins að vogarstöng fyrir persónulegan metnað sinn og eigingjarna hagsmuni. Hún lét kaupast af embættum og bittlingum auðstéttarinnar, til þess að ganga erinda atvinnurekenda.

Nú breyttist forystan úr framsæknasta hluta verkalýðsins í Þránd í Götu verkalýðshreyfingarinnar. Hún skapaði djúptækan klofning innan raða stéttarinnar og reyndi að draga úr baráttu hennar á allan hátt og virkaði sem hemill á starf og baráttu fólksins. Auðséð var að engir sigrar myndu vinnast nema gengið væri framhjá og gegn forystunni, sem þjónaði ekki lengur hagsmunum lýðsins heldur hagsmunum auðsins.

Barátta Kommúnistaflokks Íslands á þessum árum skipti sköpum í þróun verkalýðshreyfingarinnar. Hún hætti að vera faglegur armur Alþýðuflokksins og varð óflokksbundin. Kjarabætur og breytingar á lífskjörum verkalýðsins má rekja til þessarar baráttu.

Hvað hefur áunnist?

Þegar völdum Alþýðuflokksforystunnar var hnekkt innan verkalýðshreyfingarinnar, var það merkur áfangi í sögu hennar. Ný forysta verkalýðshreyfingarinnar skapaðist sem verkafólk batt miklar vonir við. Hún barðist í upphafi fyrir lögfestingu 8 stunda vinnudagsins, gegn lögbanni við verkföllum og fyrir hagsmunum fjöldans.

En hver hafa orðið örlög þessa nýja forystukjarna og hvar stendur hann í dag?

Þegar starf hans er metið verður að meta það alhliða og afdráttarlaust. Forysta verkalýðshreyfingarinnar hefur þrætt sömu refilstigu og forysta Alþýðuflokksins gerði á sínum tíma. Sá árangur sem í fyrstu náðist, er nú nánast að engu orðinn. Það þarf ekki að segja neinum að vinnudagurinn hefur ekki styst, nema á síðu lagasafnsins. Kjör fjöldans fara síversnandi meðan kjör og embætti forystunnar fara



Verkakonur í fiskiiðnaði í óða önn við að framleiða nauðsynjavörur fyrir þjóðfélagið. Ef atvinnurekendur hirtu ekki stærsta hlut arðsins af vinnu þeirra væri lífsafkoma þeirra önnur. Atvinnurekendur sem ekkert vinna ættu í raun ekki skilið að fá mat.

Stéttabarátta í hnotskurn

1. maí er alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins, dagur skipulagningar og liðskönnunar, dagur samstöðunnar og stéttareiningarinnar, dagur minninga um harða baráttu sem háð hefur verið gegn auðvaldi um heim allan og tákn þess takmarks og þess sigurs sem hinar vinnandi stéttir stefna að.

Í ljósi þess að 1. maí er viss tímamótadagur hverju sinni, er ekki úr vegi að líta yfir farinn veg og reyfa í stuttu máli það helsta sem gerst hefur í verkalýðsbaráttunni s.l. ár eða frá því á 1. maí 1977.

Hver var staðan 1. maí 1977?

Ástandið í afkomumálum verkalýðsins á tímabilinu kringum fyrsta maí 1977 var í höfuðdráttum þannig að verðbólgan hafði skert kaupmátt launa æ meir eftir því sem liðið hafði á samningstímabilið. Mikil óánægja hafði risið upp vegna kjarasamninganna sem lítt voru vísitölutryggðir en þó gerðir til langs tíma.

Í verkalýðsfélögum og á ráðstefnum alþýðusamtaka hafði risið upp barátta fyrir því að verkalýðshreyfingin beitti sér fyrir harðari baráttuaðgerðum og setti á oddinn framsæknari kröfur eins og t.d. að fólk gæti lifað mannsæmandi lífi af 8. stunda vinnudegi.

Þessi baráttustefna innan verkalýðssamtakanna, mætti harðri andspyrnu af hálfu verkalýðsforystunnar í stærstu félögunum. Barðist hún um á hæl og hnakka til að fella og vísa frá tillögum, til að beina baráttunni í "ábyrga afstöðu gagnvart atvinnuvegunum (atvinnurekendum)" og fyrir því að settar yrðu fram "hóflegar" kröfur. Gekk þessi barátta jafnvel svo langt að beitt var hinum ólýðræðislegustu aðferðum til að bægja frá baráttustefnunni.

Á sjálfan 1. maí 1977 var þó svo komið að verkalýðsforystan varð að gera eitthvað í baráttuskyni ef hún átti að halda andlitinu gagnvart verkafólki. Setti hún þá á yfirvinnubann en hafði þó staðið fyrir því að það væri ekki sett á fyrr.



Frá setuverkfalli hafnarverkamanna í Reykjavík er þeir lögðu niður vinnu í 2 tíma, til að mótmæla ólögunum.

Yfirvinnubannið

Yfirvinnubannið var um margt lærdómsrík aðgerð.

Það hafði sínar iákvæðu hliðar þannig að vinnutíminn styttist almennt og fólki gafst tækifæri á að sinna ýmsu því sem það áður gat ekki, í ljós kom að vinnuafköstin jukust og að yfirvinnubann getur orðið kraftmikil aðgerð ef rétt er að staðið.

Neikvæðu hliðarnar voru að of seint var farið út í að setja á yfirvinnubann þannig að atvinnurekendum gafst tími til að undirbúa sig, gefnar voru of miklar undanþágur, verkfallsvarslan illa skipulögð þannig að yfirvinnubannsbrot liðust víðs vegar, félagsfundir í verkalýðsfélögunum voru yfirleitt ekki haldnir á tímabilinu fyrr en greiða átti atkvæði um samningana sem menn höfðu ekki tíma til að kynna sér að ráði. Þannig var það hin síaukna miðstýring, völdin í höndum örfárra manna í verkalýðshreyfingunni sem háði því mest að yfirvinnubannið yrði sem árangursríkast.

Árangurinn af banninu varð sá að engan veginn náðst sú krafa sem sett var upp þ.e. raungildi 100.000 kr. í des. 1976. Samningarnir voru gerðir til eins og hálfs árs og skildi verkafólki tryggðar verðbætur á laun sem reiknaðar yrðu út samkvæmt stórgallaðri vísitölu á 3-4 mánaða fresti.

Þegar samningar þessir voru gerðir milli Alþýðusambands Íslands og atvinnurekenda, hafði yfirvinnubannið staðið í nær tvo mánuði eða frá 1. maí að sólstöðum í júní.

Verkfall BSRB

Í október hófu opinberir starfsmenn verkfall, sitt fyrsta í sögunni og stóð það í tvær vikur frá 11. til 25. okt.

Þrátt fyrir sinn takmarkaða verkafallsrétt varð af þessu verkafalli því mikill hugur var í miklum meirihluta opinberra starfsmanna en yfir 50% þátttöku og meðmælendur þarf til þess að verkfall BSRB sé "lögleg".

Þetta verkfall hafði það fram yfir aðgerðir ASÍ-forystunnar undanfarin ár að fundir voru tíðir, lýðræðisleg ákvarðanataka ríkti og almennt voru félagar BSRB virkir gerendur verkfallsins.

Ríkisvaldið afhjúpaði stéttarlegt eðli sitt berlega í því hvernig það snérist gegn starfsfólkinu. Gengu þar fremstir í flokki háttsettir embættismenn, stjórnarþingmenn og atvinnurekendur. Og nutu þeir dyggs stuðnings borgarablaðanna sérstaklega Morgunblaðsins að venju.

Innan forystu BSRB afhjúpuðust Trójuhestar auðvaldsins sem reyndu að sundra baráttueiningu opinberra starfsmanna og fá þá til að gefa eftir og semja um smánarkjör. Var það helst þeirra sök að ekki náðist fram í samningum endurskoðunarréttur á verkafallsrétti BSRB.

Það er einmitt eitt mikilvægasta baráttumál BSRB að fá fullan verkafallsrétt. Slíkt mega kallast lágmarkslýðréttindi í mannfélögum.

Ólög ríkisvaldsins

Sókn auðvaldsins eftir hámarksgróða krefst þess að það leitist sí og æ við að skerða rauntekjur launafólks.

Til þess beitir auðvaldið margvíslegum aðferðum s.s. verðbólgu, beinum kjaraskerðingum, lengingu vinnudagsins og auknu vinnuálagi.

Í feb. 1978 samþykkti ríkisvaldið auðstéttarinnar lög á Alþingi sem nefnd hafa verið ólög. Ólögin eru sett á til þess að skerða tekjur vinn-

framhald á síðu 2

vaxandi. Barátta verkalýðsins mætir ævinlega fyrstu andstöðu sinni innan hreyfingarinnar, frá forystumönnunum. Þannig er myndin af verkalýðshreyfingunni í dag.

Forystan er sundrungarafl sem hindrar samstöðu verkalýðsins í baráttu sinni. Hún heyr "baráttu" sína undir formerkjum ábyrgrar afstöðu til hagsmuna þjóðarbúsins en allir vita að hagsmunir þjóðarbúsins eru ekkert annað en fínni máti til að segja hagsmunir auðstéttarinnar. Við eigum ekkert þjóðarbú, engin framleiðslutæki og enga verslun við útlönd. Þess vegna verða nábjargir ríkisvaldsins aðeins til þess að lappa upp á framleiðsluskipulag auðstéttarinnar og lengja þjáningar og óöryggi þeirra sem vinna. Þess vegna verður gengislækkunin aðeins til að halda gróða auðstéttarinnar en auka dýrtíðina fyrir hinn vinnandi fjölda. Þess vegna er ríkisvaldið andstætt hagsmunum hins vinnandi lýðs, það þjónar hagsmunum auðvaldsins eins.

Hvað hefur þá áunnist? Er verkalýðshreyfingin betur í stakk búin til þess að heyja baráttuna í dag, en hún var árið 1916? Svarið er neitandi þó svo játa verði að hreyfingunni hefur aukist liðsfjöldi og skipulagsafl. En þessi liðsfjöldi og þetta skipulagsafl er ekki notað til að hrinda markmiðum hreyfingarinnar í framkvæmd. Þvert á móti gerir forystan allt sem hægt er til að hindra stéttina frá óvæginni og víðtækri baráttu.

Forystan vill "skynsamlegar" aðgerðir, en í hennar munni merkir það málamyndaaðgerðir. Og í ofan á lag beitir forysta stéttarfélaganna völdum sínum blygðunarlaust til þess að styrkja stöðu sína í kosningum. Ekki fyrir hagsmuni lýðsins heldur fyrir eiginhagsmuni. Það er orðið nauðsynlegt að opna augun fyrir þessari bitru staðreynd og gera eitthvað í málinu.

Það er orðið nauðsynlegt að leggja forystuna í núverandi mynd á hilluna, en gera stéttarfélögin að raunverulegum baráttutækjum, sem lúta forystu einbeittra og reyndra baráttumanna úr röðum hins vinnandi fjölda.

Hvers vegna er klofningur á 1. maí ?

Alþýðusambandið stendur fyrir aðgerðum á 1. maí. Hið sama gera róttækari öfl innan verkalýðshreyfingarinnar sem berjast gegn stéttasamstarfi og svikum forystunnar. Þessi klofningur á sér skýringu og hann er ekki aðeins eðlilegur heldur nauðsynlegur. Alþýðusambandsforystan hefur sakað kommúnistana um klofningsstarf. En getur það kallast klofningsstarf að vilja heyja baráttu fyrir hagsmunum fjöldans og gera verkalýðsfélögin að baráttutækjum? Er það ekki miklu fremur klofningsstarf að standa gegn baráttu fjöldans og að gera verkalýðsfélögin að ólýðræðislegu og starfslama bákni, eins og ASÍ-forystan hefur óneitanlega gert? Það er ASÍ-forystan sem er hið raunverulega klofningsafl í röðum fjöldans. Það er hún sem dregur úr allri baráttu, beitir ólýðræðislegum aðferðum til að vernda eigin hagsmuni og starfar með atvinnurekendum. Það er hún sem hefur gert 1. maí aðgerðirnar að skrúðgöngu sem farin er frekar til sýndar en til að fylkja liðssveitum verkalýðsins til baráttu.

Kommúnistar óska ekki klofnings heldur sameiningar. En þeir eru ekki reiðubúnir til að sameinast um hagsmuni auðvaldsins eða uppgjöf í baráttunni. Þeir vilja sameina verkalýðinn um hagsmuni stéttarinnar og um byltingarsinnuð baráttumarkmið sín. Þeir vilja kippa fótunum undan því þjóðfélagi sem getur ekki einu sinni búið þegnum sínum mannsæmandi lífskjör og vinnudag. Þeir vilja skapa nýtt þjóðfélag þar sem vinnan er í hásæti og frelsi heildarinnar er forsenda fyrir frelsi einstaklingsins.

Klofningurinn er heldur ekki sér íslenskt fyrirbrigði. Alls staðar þar sem verkalýðsstéttin heyr baráttu sína, þarf hún að berjast gegn uppgjafasinnum og stéttsvikurum innan eigin raða. Þetta á jafnt við um nágrannalönd okkar, sem lönd fjarlægari heimshluta.



Forystumenn ASÍ stinga saman nefjum. Þeirra afstaða er sú að vernda skipulag auðvaldsþjóðfélagsins þ.e. fyrirkomulag arðráns og kúgunar en kommúnistar vilja leggja það í rúst til að setja í þess stað á þjóðfélag þar sem menn eiga rétt á arði vinnu sinnar.

1. maí dagur baráttueiningarinnar

Verkalýðsstéttin þjáist af sundrungu. Og þeir sem bera ábyrgð á þessari sundrungu sitja í forystustólum stéttarfélaganna. Við þörfnumst sameiningar, því í sameiningunni liggur styrkur stéttarinnar. Kommúnistar vilja sameina hinn vinnandi fjölda í volduga samfylkingu gegn kjaraskerðingum auðvaldsins. Markmið okkar eru að endurreisa stéttarfélögin sem baráttutæki, að stytta vinnudaginn með óskertum launum og að sameina fjöldann til varnar hagsmunum sínum. Það er þörf víðtækrar baráttueiningar gegn íslensku auðstéttinni og ríkisvaldi hennar, gegn þeim aðilum innan verkalýðshreyfingarinnar sem telja úr fólki kjarkinn og sundra liðssveitum stéttarinnar. Loks verður að berjast gegn styrjaldarfyrirætlunum risaveldanna tveggja Sovétríkjunum og Bandaríkjunum. Í þetta sinn hefur tekist sameining afla sem ekki eru fullkomlega sammála. Grundvöllur slíkrar samfylkingar er baráttan gegn efnahagskreppunni og lýðræðisskerðingum auðstéttarinnar og ríkisvalds hennar.

Allir þeir sem geta fallist á þá skoðun okkar, að sameining gegn auðvaldinu og bandamönnum þess sé eitt mikilvægasta verkefni líðandi stundar, verða að taka afstöðu og fylkja sér undir merki Baráttueiningar og Rauðrar verkalýðseiningar á 1. maí í ár. Og slík samfylking má ekki líða undir lok að 1. maí loknum, hún þarf þvert á móti að styrkja pólitískan grundvöll sinn og auka áhrif sín innan verkalýðshreyfingarinnar. Hún þarf að sameina alla þá sem gera vilja verkalýðsfélögin að baráttutækjum og gera talsmenn stéttasamvinnunnar brottræka úr verkalýðsfélögunum.

Fram til baráttunnar gegn stéttasamvinnunni, fyrir 40 stunda vinnuviku og verndun lýðréttinda.

Fram til baráttu fyrir jafnrétti kynjanna, gegn aðild Íslands að NATO og veru bandaríska herliðsins á Miðnesheiði, gegn stríðsundirbúningi risaveldanna beggja - USA og Sovétríkjanna.

Hverjum þjónar rógburður

Söguburður og rógur á sér stéttarlegan grundvöll í smáborgarastéttinni og ber ljósan vott um borgaralegan uppruna sinn. Söguburður á því ekkert skylt við uppbyggilega gagnrýni eða opinskáa umræðu. Þvert á móti er hann sundrandi, niðurrífandi og til þess eins fallinn að valda óþarfa deilum og þjarki.

Oftast á söguburðurinn sér enga stoð og jafnvel þó svo væri er hann neikvæður vegna þess forms sem hann óhjákvæmilega tekur sér. Höfundar söguburðarins gera sér ekki alltaf grein fyrir að eftir að sagan hefur gengið frá manni til manns, breytist hún og verður að rógi.

Söguburðurinn ruglar staðreyndum, meðvitað sem ómeðvitað og bætir við nýjum rógi og rangtúlkunum. Rógurinn verður því skaðlegur fyrir þann sem honum er beint gegn.

Þeir sem nota söguburð sem viðtekna aðferð í pólitískri baráttu geta ekki haft heilbrigð markmið sem þjóna fjöldanum.

Það getur ekki verið traustur grunnur undir þeirri pólitík sem byggir á orðrómi í stað raunverulegra staðreynda og rannsókna á hlutstæðan hátt.

Orðrómur og söguburður af þessari gerð hefur nú undanfarin ár verið verið stundaður af Eik(ml) um Kommúnistaflokkinn. Það er komið af stað sögum um að flokkurinn sé búinn að vera, fjármálin séu í óreiðu, félagarnir hættir o.s.frv.. Þessi söguburður hefur það eina markmið að koma óorði á Kommúnistaflokkinn og er ætlað að skaða hann en á ekkert skylt við uppbyggilega gagnrýni. Þessi aðferð Eik(ml) í pólitískri baráttu er aðferð slúðurberans, sem ekki er ætluð til að vera menntandi fyrir heildina, henni er aðeins ætlað að rífa niður siðferði þess sem er gagnrýndur. Vegna eðlis síns og þess forms sem söguburður tekur á sig getur hann aldrei orðið annað en eyðileggjandi. Hvort sem hann styðst að einhverju leiti við staðreyndir eða ekki þá breytist hann í róg eftir að hafa gengið frá manni til manns. Þetta er óheiðarlegasta aðferðin sem smáborgarastéttin notar vegna dómgreindarleysis síns á því hvað er slúður og hvað gagnrýni.

Pétur Tyrfingsson og 1. maí.

Eik(ml) hafa gert slúðrið að aðalaðferð sinni sinni í pólitískri baráttu gegn Kommúnistaflokknum. Þannig hafa slúðurberarnir reynt að notfæra sér sem fram hefur farið innan Kommúnistaflokksins til að breiða út róg um hann. Í stað þess að nota þessar umræður til að uppfræða fjöldann um hvað er rétt og hvað rangt, hafa Eik(ml) breitt út sögur um að Kommúnistaflokkurinn sé búinn að vera og annað slíkt. Þessum söguburði er aðeins ætlað eitt, en það er að breytast og magnast í eyðileggjandi rógburð. Honum er ætlað að vera niðurrífandi og eyðileggjandi fyrir þann sem fyrir honum verður.

Þeir sem nota aðferð söguburðarins eru annað hvort smjaðrarar eða tækifærissinnar, sem nota söguburðinn til að rugla dómgreind almennings og eru því íhaldsamir í eðli sínu, þó svo þeir kalli sig byltingarsinna.

Þetta einkenni á söguburði kemur skýrt fram í nýjasta Neista, málgagni Fylkingarinnar, í forsíðugrein eftir Pétur Tyrfingsson. Í þessari grein er Pétur að reyna að láta söguburð sinn koma fram í andrúmslofti háleitra áætlana, en í raun eru þær siðlausar. Því þær byggja á þeim rógi sem Eik(ml) hefur komið á stað um Kommúnistaflokkinn og hafa auk þess þann eina tilgang að magna þann róg.

P. T. reynir að láta líta svo út að hann sé að leita sannra skýringa á því hvers vegna Kommúnistaflokkurinn leggur nú meira upp úr samfylkingu á 1. maí en oft áður. Eins og þeir sem ástunda söguburð í pólitískri baráttu lætur P. T. líta svo út að honum gangi það eitt til að leita skýringa á hlutstæðum aðstæðum. En þegar nánar er að gætt kemur í ljós að tilgangurinn er annar.

Greininni er ætlað að koma höggi á Kommúnistaflokkinn og hefur því siðlausar áætlanir, en er ekki ætlað að uppfræða fjöldann um staðreyndir heldur þjóna þröngum flokkspólitískum hagsmunum Fylkingarinnar. Það er auðveldara að útbreiða róg, sem er hvíslað frá eyra til eyraen að ástunda opinskáar umræður og rannsóknir sem byggðar eru á traustum grunni staðreynda og er ætlað að vera uppbyggjandi fyrir fjöldann. Öll gagnrýni ætti ávalt að einkennast af siðferðilegum, pólitískum og hugmyndafræðilegum tilgangi.

Hún á að vera menntandi fyrir fjöldann og hún má ekki brjóta niður siðferðisþrek þess sem er gagnrýndur.



Jæja, hvað skyldu þeir nú vera að ræða þessir? Varla á það nokkuð skylt við söguburð Eik(ml) og Fylkingarinnar.

Svartir gyðingar krefjast ríkisborgararéttar í Ísrael

Ísraelsríki var stofnað 1948 sem "fríríki" fyrir gyðinga alls staðar að úr heiminum. "Lög um afturhvarf" frá 1950 eru á þá leið að allir gyðingar eiga rétt til að flytjast til Ísrael og öðlast ríkisborgararétt. En á síðari árum hefur komið í ljós að svartir gyðingar sem vilja kalla sig Ísraelsmenn eru ekki velkomnir. Ef síonistaríkið viðurkenndi tilveru þeirra og leyfði þeim að setjast að í Ísrael, hvernig ætti þá að verja goðsöguna um að allir gyðingar tilheyri einni þjóð og einum kynþætti? Og hvernig ætti að svara þeirri spurningu sem fleiri og fleiri setja fram hvort "gyðingaþjóðin" sé þjóðleg heild eða trúarlegt tákn? Svarið er einfalt: Síonistaríkið afneitar þessu fólki og sendir það til baka eða það er sent til bæjarins Dimona í Negev eyðimörkinni þar sem það lifir við algjörlega ófullnægjandi skilyrði.

Dimona-Innflytjendabærinn

"Lituðum" gyðingum er komið fyrir í Dimona til þess að þeir vekji sem minnsta athygli.

Lífsafkoma í bænum er mjög léleg miðað við annars staðar í Ísrael. Þar búa 30.000 innflytjendur af asískum og afrískum uppruna. Fólkið býr þétt - húsunum virðist hafa verið dritað niður á sandinn á tilviljunarkenndan hátt. Flestir íbúanna hafa seint og um síðir fengið ríkisborgararétt, að undanteknum svörtum gyðingum frá USA (Chicago).

Svartir gyðingar-Staða sem ferðamenn

Chicago-gyðingarnir mynda hóp 420 einstaklinga. Þeir fullyrða að þeir séu afkomendur 120 hebreskra manna, sem hraktir hafa verið frá Palestínu fyrir 400 árum. Á þeim grundvelli vilja þeir meina að ef einhverjir gyðingar eigi rétt á að setjast að í Palestínu séu það þeir. Langflestir þeirra hafa sagt upp bandarískum ríkisborgararétti sínum og eyðilagt vegabréf sín.

En ísraelskan ríkisborgararétt fá þeir ekki. Síonísku yfirvöldin segja að þeir geti ekki sannað gyðinglegan uppruna sinn - sjálfsagt á grundvelli þess að þeir hafi óæskilegan húðarlit. Vegna þessa hefur þetta fólk stöðu sem ferðamenn jafnvel þó það hafi búið í Ísrael síðan 1968.

Kynþáttastefna

Til þess að koma í veg fyrir að fleiri svartir gyðingar flytjist til Ísrael hafa yfirvöldin sett takmarkanir á byggingar í Dimona. Það ætti ekki að vera þörf á að skýra frá því að hinir 420 einstaklingar sem áður er getið búa þröngt. Þeir verða að sætta sig við félagslega kúgun frá hinum "raunverulegu" gyðingum. Síonistarnir hafa breitt út áróður um að þeir séu "heimskir og árásargjarnir og að tónlist þeirra sé hættuleg umhverfinu".

Þar sem þetta fólk telst ekki vera ísraelsmenn hefur það engan lagalegan rétt. Gyðingurinn og rithöfundurinn Yo'elah Har-Sefi, hefur tekið saman lista yfir 42 tilfelli þar sem börnum svartra gyðinga hefur verið neitað um skólagöngu vegna þess að ekki hefur verið litið á þau sem "persónur".

Har-Shefi hefur tilfært dæmi um Adinah Carter konu Chicago-gyðings. Hún eignaðist dóttur á Beersheba Sentralsjúkrahúsinu, en fékk ekkert fæðingarvottorð fyrir barnið. Hvers vegna ekki? Jú, foreldrarnir höfðu svokallaða óvissa stöðu og þess vegna var barnið ekki fætt í skilningi síonískra yfirvalda.

Þegar þessi stúlka vex úr grasi og kemst á skóla aldur verður henni synjað um skólavist sökum þess að hún hefur ekkert fæðingarvottorð. Þ.e. a.s. hún er ekki á skrá og hefur þess vegna engin réttindi í þjóðfélaginu. Og ástæðan er sem sagt sú að hún er svört á hörund. Þetta minnir mann óneitanlega á Suður-Afríku og Ródesíu.

Framtíðin?

Svartir gyðingar skipuleggja baráttu sína á Dimona þrátt fyrir að þeir lifi við þröngan kost. Þeir halda því fram að Dimona sé þeirra heimaborg og Ísrael þeirra heimaland og þeir munu ekki láta hrekja sig úr landi.

Eftirfarandi tilvitnun er tekin úr blaðinu Yedihot Aharanot, 29.4. 1977 og er dæmi um það að vilji til að mótmæla er fyrir hendi: "Þriggja manna fjölskylda, "svartir gyðingar", kom til landsins fyrir tveimur dögum og bað um leyfi til að koma inn í Ísrael "til að heimsækja hina heilögu staði". Þeim var þegar í stað snúið við. Þegar fjölskyldufaðirinn fékk tilkynningu um þetta, setti hann fram hörð mótmæli á flugvellinum. Fjölskyldan var handtekin og haldið fanginni á flugvellinum og síðan send með flugi til Nairobi".

Kynþáttastefnuna og misréttinn sem svartir gyðingar verða að búa við er aðeins hægt að afmá í langri baráttu þar sem svartir gyðingar ganga í bandalag með öðrum kúguðum hópum í síonistaríkinu Ísrael. Þessir hópar, palestínumenn, arabaískir, gulir og svartir gyðingar eru í dag mikill meirihluti í Palestínu.

(Palestína - Nytt)



Fjöldamorðinginn BEGIN

íhaldið

Íhaldið. Hvers vegna þessi uppnefning. Þeir kenna sig jú við sjálfstæðið, Sjálfstæðisflokkurinn. Hvernig dettur nokkrum manni í hug að kalla þá íhald? Ja því er nú helst til að svara að við kommar viljum kalla hlutina réttum nöfnum. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki baráttu flokkur fyrir sjálfstæði einstaklingsins eða landsins, eins og nafnið bendir til, heldur er hann flokkur er hatrammast berst fyrir óbreyttu skipulagi á Íslandi, sem sagt íhaldsflokkur. Sú var reyndar tíðin að félagar hans voru tilbúnir að kalla sig íhaldsflokk. Hann var stofnaður á Alþingi af 20 þingmönnum Borgaraflokksins 24. apríl 1924, og nefndu hann Íhaldsflokk. Höfuðstefnumál flokksins var að hamla gegn framgangi jafnaðar-og samvinnustefnunnar, sem þá naut vaxandi fylgis.

Þá eins og nú var viljayfirlýsing íhaldsins að styðja "Landsjóð" með því að draga úr umsvifum þess opinbera og "að auka að einhverju leiti álögur á þjóðina í bili". Það bil er nú orðið fjári langt tímabil.

Eftir kosningaósigur Íhalds- og Frjálslyndaflokksins (myndað af tveimur þingmönnum Sjálfstæðisflokksins gamla 1927) var Sjálfstæðisflokkurinn nýi stofnaður. Sú stofnun fór fram árið 1929. Hið nýja nafn var tekið upp vegna þess að almennt gerðu menn grín að íhaldsnafninu, því varla hefur sameining við hinn litla Frjálslyndaflokk skipt íhaldið miklu (árið 1927 fékk Íhaldsflokkurinn 42,5% en Frjálslyndiflokkurinn 5,8% atkvæða)

Aftur á móti fékk Sjálfstæðisflokkurinn nýi 43,8% árið 1931. Á þessum tímum skrifaði Þórbergur Þórðarson um íhaldið og hve nákvæmar eru ekki samlíkingar hans við íhaldið í dag. T.d. þessi glepsa úr Eldvígslunni:

"Íhaldið er nægjusamt. Það gerir litlar andlegar kröfur. Það fyrirlítur siðferðisskyldur. Það smjattar á yfirstandandi eymd. Það hugsar ekki. Það japlar úrelt orðatiltæki, sem endur fyrir löngu voru lífsspeki byltingarseggja, sem það myrti eða ofsótti. Trúarsetningar eins og "frjáls samkeppni" og "framtak einstaklingsins" voru einu sinni fyrirlitlegur bolsivismi nokkurra hataðra byltingarhunda. Nú hefur reynsla þjóðanna sýnt og sannað, að þetta er nítjándu aldar bókstafur, útslitin flík, sem mannkynið er löngu vaxið upp úr. Hún er jafnvel svo úrelt að íhaldið er farið að skilja það. Nú mynda auðmenn heimsins alþjóðlegan samvinnufélagsskap til þess að tryggja framleiðsluna og treysta mótspyrnu sína gegn jafnaðarstefnunni. Nú talar enginn lengur um "frjálsa samkeppni" og "framtak einstaklingsins" nema afdalaviðrini eins og Morgunblaðið og Vesturland". (Bréf til Láru, bls. 192-193)

Íhaldið í dag hefur engu gleymt en ekkert lært. Enn höfum við sömu skottulækningarnar á þjóðfélagsvandamálunum, sömu lýgina og sama fólkið, verkalýðinn sem borgar brúsann.

Yasser Arafat: „Hanoi palestínsku byltingarinnar..."

Ritstjórn biður lesendur blaðsins velvirðingar á því að þessi grein var óskiljanlega upp sett í síðasta blaði og birtum við hana því aftur.

Á pólitískum fundi sem haldinn var í Beau Rivage Hotel í Beirut 16. mars, í tilefni þess að ár var liðið frá morðinu á líbanska þjóðarleiðtoganum Kamal Jumblatt, sagði Yasser Arafat: "Við þetta tækifæri er ég hreykinn af að segja ykkur frá því að hinn sameinaði Líbanski-Palestínski her Kamal Jumblatt berst nú einn í Suður-Líbanon, til þess að suðrið verði áfram líbanskt og arabískt, fyrir því markmiði sem Kamal Jumblatt dó fyrir.

Bardagarnir halda áfram, þvert ofan í staðhæfingar hryðjuverkamannsins Begin, og í nafni þessara herja býð ég þessa bardaga velkomna svo okkur megi takast að hrinda samsæri því sem Carter og Begin hafa bruggað gegn Suður-Líbanon".

Arafat sagði enn fremur: "Þeir munu aðeins komast áfram þar sem líkamar okkar liggja dauðir. Það getur verið að þeir geti komist inn í Suður-Líbanon svo lengi sem þeir eru studdir bandarískum Phantomum, Pattonum og bandarísku skipulagi og samsærum á þessu svæði. Samt sem áður og lang mikilvægast: Þessir sameinuðu herir í Líbanon sem berjast gegn ameríska og ísraelska óvininum munu halda áfram að vera hinn lýsandi kyndill sem segir NEI við útsendarana og einangrunarsinnana og JÁ við hinu framsækna, þjóðlega, arabíska Líbanon og JÁ við palestínsku byltingunni".

Og áfram: "Við megum ekki gleyma að við og LNM (Þjóðlega hreyfingin í Líbanon) erum í sömu skotgröfinni einir en við erum risar og megi Carter og Begin skilja það. Samsærið hefur verið afhjúpað og palestínska byltingin og LNM munu hafna allri eftirgjöf sem reynt er að þröngva upp á þá, hverju sem heimsvaldasinnarnir og árásaraðilarnir reyna að þröngva upp á okkur"!

"Terroristinn Begin og varnarmálaráðherra hans reyna að láta líta svo út að aðgerðum hafi verið hætt. En ég tilkynni hér með að aðgerðum er haldið áfram og að líbanski hermaðurinn og palestínski vopnabróðir hans eru að auka við heiður og göfugleika arabaþjóðarinnar hér á þessum stað sem er okkur svo kær og sem við munum verja af lífi og sál".

Bandarískir Phantomar og Skyhawkar drepa óbreytta borgara í Ouzai og annars staðar í Suður-Líbanon. En einn grundvallarveruleiki heldur áfram að vera til: Að þeir munu aðeins komast áfram yfir okkur dauða og að palestínska byltingin og LNM munu ekki leyfa samsærismönnum að starfa í friði, né heldur að stofnað verði heimaland fyrir einangrunarsinna í Suður-Líbanon."

"Það er örugg staðreynd, það sem hinn myrti leiðtogi okkar Kamal Jumblatt og LNM hafa sagt: "Hér eru hjörtu okkar - gerum þau að Hanoi palestínsku byltingarinnar". Ég segi við ykkur bræður mínir, að hjörtu ykkar eru enn hin sanna Hanoi byltingarinnar í þessu arabalandi".

Síðan sagði Arafat: "Orustan er grimm og hættuleg, en henni er ekki aðeins beint gegn okkur og LNM. Við höfðum báðir tekið þá ákvörðun fyrir dauða Jumblatts að leyfa samsærinu ekki að ná tökum á þessu svæði og því munum við berjast til að hrinda árás þess.

Þessi árás hefur sýnt veikleika araba og afhjúpað samsæri bandarísku heimsvaldastefnunnar og síonistanna. En við ítrekum við þá sem hafa völd og áhrif á landsvæðum araba að þetta samsæri mun ekki fá að sigra...".

Arafat sagði einnig að orustan myndi aðeins styrkja byltinguna og LNM og hann bætti við: "Byltingin og PLO munu semja við Begin á einu tungumáli sem byltingarsinnar í heiminum skilja, tungumáli byssunnar".

Lærum af reynslu fyrri ára

Dufþakur

Í þessum þáttum hefur að undanförnu verið minnst á verkalýðsbaráttuna fyrr á árum í samanburði við það ástand sem í dag ríkir hjá verkalýðshreyfingunni. Þetta er ekki gert í því skyni að minnast "hinna gömlu og góðu daga", heldur til að við hagnýtum okkur þá gífurlegu reynslu sem verkalýðsstéttin og samtök hennar hafa öðlast gegn um árin.

Í eina tíð héldu KSML mjög á lofti þessu vígorði: Lærum af stéttabaráttunni og gerum þekkingu okkar að vopni til flokksmyndunar. Vígorð eins og þetta sést nú ekki lengur, enda tilheyrir það hinni einangrunarsinnuðu fortíð Kommúnistaflokks Íslands ML

Þó ber ekki að skilja það svo að þetta vígorð túlki ranga pólitíska stefnu. Síður en svo. Það er beinlínis nauðsynlegt að við lærum af reynslu fyrri ára, ekki aðeins til að gera Kommúnistaflokkinn sterkan, heldur og ekki síður til þess að unnt sé að endurreisa stéttarfélögin sem raunveruleg baráttutæki.

Í inngangi að ályktunum Strassborgarþings Alþjóðasambands rauðra verkalýðsfélaga, sem haldið var 1928, segir svo: "Einn mesti veikleiki í starfi hinna byltingarsinnuðu verkalýðshreyfinga og andstöðunnar innan verkalýðsfélaganna, er ónógt nám af reynslu fyrri verkfalla".

Því miður er bókakostur um sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar heldur fátæklegur. Vert er þó að geta einnar bókar sérstaklega, en höfundur hennar er Jón Rafnsson, en hann tók þátt í fjölmörgum verkföllum, sem háð voru á þriðja og fjórða áratug aldarinnar. Í þessari bók, Vor í verum, segir hann frá reynslu sinni af þeim. Jón skýrir ekki einungis frá verkföllunum sjálfum og aðdraganda þeirra, heldur metur hann einnig þann árangur sem vannst og hvers vegna verkalýðurinn náði þessum árangri í einstökum verkföllum.

Það kemur líka í ljós, að íslenskir verkamenn hafa numið fyrrnefndar Strassborgarályktanir til að hagnýta sér í baráttunni. Um árangur Krossanesverkfallsins segir Jón m.a.: "Í Krossanesverkfallinu hagnýttu íslenskir verkamenn sér reynslu verkalýðssamtakanna í öðrum löndum. Einkum voru það veigamikil atriði úr samþykktum Strassborgarráðstefnunnar frægu frá 1928, sem Krossanesverkamenn færðu sér í nyt til lærdóms, sérstaklega þau atriði samþykktanna, er fjalla um stéttareiningu verkalýðsins grundvallaða á vinnustað".
(Vor í verum, bls. 88)

Um árangur Borðeyrardeilunnar segir Jón eftirfarandi: "Borðeyrardeilan er án efa ein mesta félagsleg og stéttarleg þroskaraun, sem leyst hefur verið til þessa af íslenskum verkalýð. Með úrslitum hennar hefur kenning in um baráttueiningu verkalýðsins án tillits til stjórnmálaskoðana, og um skipulagsbreytingu verkalýðssamtakanna í samræmi við það, enn sannað gildi sitt, en stefna pólitískra handjárna innan ASÍ hins vegar beðið einn sinn mesta ósigur".
(Vor í verum, bls. 199)


Verkfallsliðar í Vestmannaeyjum 1926.

Það er ekki af ófyrirsynju, sem marxistar-lenínistar hafa sett fram sem eitt höfuðvígorð sitt : Endurreisum stéttarfélögin sem baráttutæki. En til þess að svo megi verða verður að vinna að slíku markmiði alveg frá rótum. Starfið á vinnustöðunum er því algjört grundvallarstarf, ef takast á að gera verkalýðsfélögin að þeim baráttutækjum, sem þau eitt sinn voru. Allt annað starf verður að þjóna þessu markmiði. Við skulum því í lokin vitna enn einu sinni til orða Jóns Rafnssonar:

"Eins og áður er getið, leggja kommúnistar og einingarsinnar í verkalýðshreyfingunni ríka áherslu á félagslegt starf meðal verkafólks, hvar sem það er að hitta. Hvern vinnustað, þar sem fleiri eða færri menn eru samankomnir, skoða þeir sem vettvang starfsemi sinnar, - og vinnustöðvastarfið er eitt grundvallaratriði í baráttunni fyrir stéttareiningu verkalýðsins um hagsmunamálin, án tillits til stjórnmálaskoðana.

Mörg sigursæl launabarátta á þessum tíma á sín skipulagslegleg og siðferðileg upptök á vinnustöðum, þar sem kommúnistar og róttækir verkamenn starfa. Og ýmis stéttarfélög verkafólks, sem nú eru orðin gömul og þekkt, eiga beinlínis skipulagslegan uppruna sinn í vinnustöðvastarfi þessu".
(Vor í verum, bls. 132-133)



ROTIÐ ALÞÝÐUSAMBAND

Í 1. maí blaði Þjóðviljans sem kom út 30. apríl birtist ávarp Alþjóðasambands "frjálsra" verkalýðsfélaga.

Þar er margt athyglisvert að finna því ávarpið einkennist af þeirri pólitík sem auðvaldið vill að verkalýðhreyfingar allra landa reki.

Það skyldi heldur engan undra því saga þessa sambands er saga klofnings og sundrungar frá baráttustefnu verkalýðsfélaga í heiminum.

Árið 1945 var stofnað heimssamband verkalýðsfélaga WFTU af samböndum verkalýðsfélaga frá 54 ríkjum. Það voru m.a. verkalýðssamband Sovétríkjanna, Bretlands og bandarísk iðnfélög sem stofnuðu sambandið. Verkalýðssamband Ameríku neitaði þátttöku á þeim forsendum að Sovétríkin, sem þá voru sósíalískt ríki, ætti aðild að sambandinu. Að tilhlutan hinnar illræmdu leynilögreglu, CIA, klufu bandarísku iðnfélögin og verkalýðssamband Bretlands sig út úr heimssambandinu og stofnuðu sér samband með verkalýðssambandi Ameríku, Alþjóðasamband "frjálsra" verkalýðsfélaga, árið 1949. Í þessu klofningssambandi eru 63 miljónir verkamanna frá 94 löndum.

Einn aðili þess er Alþýðusamband Íslands.

Heimssamband verkalýðsfélaga sem stofnað var 1945 er aftur á móti mun öflugra samband það telur 43 aðildarsamböndog 138 miljón verkamenn sem aðildarfélaga.

Eftir að menn hafa kynnt sér eðli Alþjóðasambands "frjálsra" verkalýðsfélaga, þá undrar þá kannski að ASÍ skuli eiga þar aðild og að sambandið skuli fá inni í Þjóðviljanum með áróður sinn. En staðreyndir eru þetta eigi að síður og svo djúpt eru "sósíalistarnir" á þessum "frontum" verkalýðsins sokknir í stéttasamvinnustefnuna.

Við skulum nú taka tvær tilvitnanir úr ávarpi Alþjóðasambands "frjálsra" verkalýðsfélaga (ICFTU) sem birtust í Þjóðviljanum. Þar kemur fyrst fram að engar deilur milli stéttasamvinnumanna og byltingarsinna eigi að eiga sér stað, síðan kökukenningin hrein og tær. Síðan kemur fram afstaða ICFTU til fræðikenningar verkalýðsins kommúnismans.

"Í dag er samstaða okkar ekki enn í hættu. En að því getur komið ef ekki bregður skjótlega til batnaðar í efnahagsmálum, en svo sem ævinlega áður ógnar kreppan mest heimilum verkafólks. Við skulum því ekki eyða orku okkar í innbyrðis deilur, rifrildi um sneiðar af síminnkandi köku."

Sameinumst um kröfu um sköpun meiri verðmæta, raunhæfra verðmæta og jafnari tekjuskiptingu. Við vitum að það er hægt og hvernig það ætti að gerast."

"Í ríkjum kommúnista eiga verkamenn á hættu að verða fyrir ofsóknum og hefndaraðgerðum ef þeir krefjast bættrar aðstöðu. Ef stjórnmálakerfi það sem kommúnistar komu á hefur nokkurn tíma átt sér málsbætur þá var það að það átti að sjá fólki fyrir betri efnahagslegri afkomu. En það er ekki hægt að sjá fyrir fólki. Það þarf að njóta réttinda og tækifæra til að sjá fyrir sér sjálft.

Skattalögin kosningabomba íhaldsins

framhald af baksíðu

Tekjuskattur fyrirtækja.

Fleiri hundruð fyrirtæki með hundruði milljóna í veltu greiða engan tekjuskatt. Þau koma heldur ekki til með að gera það eftir gildistöku laganna.

Breytingar laganna hafa lítil sem engin áhrif á opinber gjöld atvinnureksturs.

Atvinnurekendur geta auk þess "rekið fjölskylduna" á reikning fyrirtækisins. Þessir möguleikar eru lítillega skertir með ákv. upphæð sem þeim er skylda að telja fram. Það hefur náttúrulega lítið að segja þegar atvinnurekandinn getur ótakmarkað gengið í sjóði fyrirtækisins og því meira sem fyrirtækið er stærra. Þannig gæti þetta ákvæði hugsanlega skert kjör smáatvinnurekenda (smáborgara) sem berjast í bökkum. Stærri atvinnurekendur skiptir þetta litlu.

Annars eru meðmæli fulltrúa atvinnurekenda besta sönnun þess að skattafrumvarpið snertir þá ekki hið minnsta.

Lækkun tekjuskatts einstaklinga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir einhverri lækkun tekjuskatts, það er að áætlað er að hækka tekjumörk skattstigans og lækka frádráttarprósentuna. Þetta atriði, frekar en allt hitt, kemur því alls ekki til framkvæmda fyrr en eftir eitt til tvö ár.

Það örlar ekki á því að skattar séu teknir af háu laununum í samræmi við skattlagningu lágra launa.

AB hefur löngum viljað ná launajafnrétti gegnum skattalög. Þetta frumvarp er ekki einu sinni spor í þá átt. - Hátekjumaðurinn ber alltaf meira úr bítum en lágtekjumaðurinn. Alltaf er þannig á málum haldið er hátekjumaður (með í mörgum tilvikum yfir eina milljón á mánuði) hefur auðvitað úr miklu meira að spila en lágtekjufólk (með allt niður í rúmlega 100.000 kr. á mán.)

Staðgreiðslukerfi skatta.

Áætlað er skv. öðru skatta lagafrumvarpi að koma á staðgreiðslu skatta 1980.

Með þessu er vissulega komið í veg fyrir vandræði sem hafa skapast við mikinn tekjumismun milli ára, t.d. meðal sjómanna. Ríkisvaldið vill tryggja betri innheimtu opinberra launa.

Í stuttu máli er þetta þannig, að í ársbyrjun fær launþegi skattkort sem á eru áætlaðar tekjur hans. Í lok ársins er síðan annað hvort um skuld launþega að ræða við skattheimtuna eða öfugt.

Ríkisstjórnin gerir þetta ekki bara "til þæginda" fyrir launþega (hún hefur sýnt hug sinn til þeirra áþreifanlega). -Ríkissjóður fær skattana greidda jafnar sem þýðir að minna af tekjum ríkisins rýrnar. Að sama skapi er þetta að þessu leyti óhagstæð ara fyrir launþegann miðað við núverandi kerfi.

Að síðustu ber að athuga eitt. Undirritaður fær ekki betur séð en að með þessu nýja kerfi geti ríkisvaldið hækkað skattvísitölu ekki einu sinni á ári, eins og nú, heldur tólf sinnum. Þannig getur ríkisvaldið vísitölutryggt skatttekjur sínar.

Skattleggið auðmennina.

Hugtakið láglaunamaður er oft til hinnar mestu óþurftar. Til þess er gjarnan vitnað þegar stjórnmálamennirnir sverma eftir atkvæðum. En hvað er láglaunamaður? Það eru svör.

Ég fullyrði að meirihluti íslendinga er láglaunafólk. Þegar hæstu tekjur eru komnar yfir eina milljón á mán. (fyrir utan atvinnurekendur sem hafa margir hverjir miklu meira, án þess að það komi fram) þá er t.a.m. 300.000 kr. lág laun. Að ekki sé talað um laun verkamanna, sem sannarlega eru sultarlaun. Enn eitt atriði er ónefnt. Það er að bak við lægri launin liggur miklu meiri vinna, erfiðari, óþrifalegri en með miklu lengri vinnutíma. - Á hina höndina eru síðan auðmenn, sem lifa lúxuslífi og oft á tíðum er starf þeirra það eitt að innheimta arð af eignum sínum, arð sem með réttu er alls ekki þeirra eign heldur ávöxtur arðránsins þeirra á launþegum.

Því hlýtur krafan að vera: Enga skatta á launafólk fyrr en tekjur eru orðnar háar. Háa skatta á sannanlegt hátekjufólk og á atvinnurekendur og fyrirtæki þeirra.



Þessir tveir kumpánar Matthías og Geir bera að miklu leiti ábyrgð á árásum atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra á kjör vinnandi alþýðu í landinu. Ein slík árás eru skattamálin.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
18.tbl. 7.árg. 1.5. 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17B
101 R

Skattalögin kosningabomba íhaldsins

Skattalögin kosningabomba íhaldsins.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram frumvarp til laga um skattalög, bæði breytingar á skattalögunum og hvað varðar staðgreiðslukerfi skatta.

Eins og allar skattalagabreytingar á þessi að draga úr skattabyrðinni, að sögn ríkisstjórnarinnar. Áður hafa slík loforð verið gefin og svikin.

Dæmigert fyrir þingið er sú staðreynd að frumvarpið er lagt fram þegar 2-3 vikur eru eftir af þingtímanum. Flestir þingmenn sem hafa tjáð sig um þessi mál hafa sagt að tíminn sé of stuttur til að þeir geti "rannsakað" frumvarpið. Samt á að samþykkja það fyrir þinglok. Meðferð þingsins er í raun og veru formsatriði.

Afnám helmingsafsláttarreglunnar.

Eitt atriði í þessum lögum eru allir sammála um en það er að afnema helmingsafslátt útivinnandi eiginkvenna

Kvenréttindakonur af íhalds tegundinni hófu þessa kröfu fyrstar á loft. Þetta var að þeirra mati réttlætismál og niðurlæging fyrir konur.

Benda mætti á að "réttlætinu" má ná með því að allir einstæðir foreldrar fengju líka helmingsfrádrátt. Þannig ríkti réttlæti og enginn væri niðurbeygður. Ein leið í viðbót væri afnám tekjuskatts.

En afnám þessarar reglu hefur tvennt í för með sér: Í fyrsta lagi að þetta er skerðing á kjörum fjölskyldna þar sem eru tvær fyrirvinnur Í öðru lagi mun þetta draga úr þátttöku kvenna á vinnumarkaðinum.

Framhald á bls. 7

Vesturveldin styðja stjórn Suður-Afríku

Undanfarið hefur verið rætt um það á alþjóðlegum vettvangi hvaða ráðstöfunum skuli beita til að þvinga stjórn Suður-Afríku til að láta af aðskilnaðarstefnu sinni og tryggja svertingjum jöfn réttindi á við hvíta menn. Mál þetta hefur meðal annars verið ofarlega á baugi í umræðum á allsherjaþingi Sameinuðu Þjóðanna, þar sem m.a. hafa verið lagðar fram tillögur um algjört viðskipta-og vopnasölubann gagnvart Suður-Afríku.


Öryggisráð Sameinuðu Þjóðanna samþykkti sem kunnugt er með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, vopnasölubann í nóvember s.l., en mikillar tregðu hefur gætt, sérstaklega hjá vestrænum ríkisstjórnum, að samþykkja algjört viðskiptabann. Hverjar eru ástæðurnar?

Efnahagsleg tengsl Suður-Afríku og vestrænna auðvaldsríkja.

Suður-Afríka er eitt auðugasta ríki veraldar, sérstaklega með tilliti til gífurlegra málm auðæfa, sem er að finna þar í jörðu. Meðal annars ræður Suður-Afríka yfir mörgum lykilmálmum sem heimurinn þarf á að halda eins og t.d.: 60% af því gulli sem hinn svokallaði frjálsi heimur (aðrir en Austur-Evrópa og sosialisku ríkin) ræður yfir. Meira en 88% af platíum, vandíum, krómi, og magnesíum sem Vesturlönd ráða eru grafin í Suður-

Framhald á bls. 3

Þrátt fyrir vopnasölubann Sameinuðu Þjóðanna og óverulegan samdrátt vestrænna fjárfestinga í Suður-Afríku, hafa stóru iðnaðarþjóðirnar enn mjög sterk efnahagsleg tengsl við Pretoríu.



● Japan hefur engar beinar fjárfestingar í Suður-Afríku. ★ Tölur 1976



Þeim stekkur ekki bros á vör forráðamönnum Seðlabankans þegar þeir kynna hinar mjög svo spaugilegu niðurstöður sínar á því hvernig leysa skuli efnahagsvanda þjóðarinnar. Eða skyldu vera brögð í tafli, þeir meðvitaðir um vitleysuna og aðeins að leika á lýðinn.

Er verðbólgan sálræn?

Þann 24. apríl var haldinn á Hótel Sögu ársfundur seðlabankans. Á ársfundinum kom m.a. fram í ræðu Jóhannesar Norðdals seðlabankastjóra, að: "útflutningur jókst verulega á árinu annað árið í röð og nam heildarverðmæti útflutnings 102 milljörðum kr., sem svarar til rúmlega 25% aukningar frá frá fyrra ári, reiknað til sama gildis bæði árin". Af þessum orðum seðlabankastjórans mætti ætla að hagur landsmanna væri nú all góður og að launþegar megi vænta þess að nú verði hægt að borga lífvænleg laun. En í ræðu seðlabankastjórans kemur fram að því er aldeilis ekki að heilsa. Og ástæðan? Jú, innflutningur hefur á sama tíma aukist um 30% og "mest varð aukningin á innflutningi sérstakra fjárfestingavara, sem nam 46% frá fyrra ári". Það er því auðvaldið sjálft sem nældi sér í þá aukningu sem varð af auknum útflutningi og gott betur með stórauknum fjárfestingum í framleiðslutækjunum. Hins vegar kemur skýrt fram í ræðu seðlabankastjóra að launþegar verði enn að herða sultarólarnar, þannig að atvinnurekendur geti haldið áfram gróðasókn sinni. Það er því greinilegt að umframeiðslu auðvaldsins á að varpa yfir á herðar verkalýðsins, sem þó skapar öll verðmætin. Einnig kemur greinilega fram í ræðunni að til að því marki verði náð, ætlar seðlabankinn, sem er fulltrúi fjármálafáveldisins, að taka endanlega alla stjórn efnahagskerfisins í sínar hendur. Um þetta segir Jóhannes Norðdal: "Þau vandamál sem ég hef nú lýst, hafa bankastjórn seðlabankans og fjármálaráðuneytisins rætt ýtarlega undanfarna mánuði og hafa báðir aðilar verið sammála um það, að nauðsyn væri á að taka upp ákveðnari stefnumörkun í viðskiptum ríkissjóðs við seðlabankann, er tryggi bæði endurgreiðslu skulda ríkissjóðs við bankann á hæfilegum tíma og að fyrirgreiðsla bankans við ríkissjóð væri í samræmi við lög hans og þau markmið sem ríkisvaldið setur með fjárlögum og lánsfjáráætlana á hverjum tíma. Hefur verið gerður nýr formlegur samningur um þessi viðskipti, þar sem Seðlabankinn skuldbindur sig til að veita ríkissjóði á hverjum tíma nauðsynlega árstíðabundna fyrirgreiðslu í samræmi við greiðsluáætlanir, enda verði hugsanleg skuldamyndun ríkissjóðs þar umfram jöfnuð annað hvort með fjármálalegum aðgerðum innan hvers fjárhagsárs ellegar með lántökum utan Seðlabankans og í samræmi við fjárhagsáætlun næsta árs á eftir!" Með þessum samningi hefur Seðlabankinn tekið í sínar hendur strangt eftirlit með því að ríkissjóður fari ekki út fyrir þær fjárhagsáætlanir sem bankinn hefur gert. Þannig getur Seðlabankinn í rauninni sett hvaða ríkisstjórn sem er stólinn fyrir dyrnar með t.d. launahækkanir til ríkisstarfsmanna aukna fjármuni til félagsmála osfrv. ef bankanum sýnist svo. Það er því greinilegt að fjármálafáveldið ætlar að taka málin í sínar eigin hendur og að launþegar mega af því ráða að barátta þeirra fyrir kjarabótum verður enn erfiðari í framtíðinni en áður.

Grín eða alvara.

Í lok ræðu sinnar sagði bankastjórinn: "En verðbólgan er ekki eins og allir vita aðeins efnahagslegt fyrirbæri Eftir því sem lengra líður skilur hún eftir sig dýpri spor í sálarlífi manna". Síðan opinberar hann þá áætlun Seðlabankans að skera tvö núll aftan af krónunni og gefa út nýja mynt og seðla. Á þessi aðgerð að hafa heppileg sálræn áhrif á þjóðina þannig að fólki finnist að þrátt fyrir allt séu peningar einhvers virði. En er það svo að breyting myntkerfisins hafi einhver áhrif til batnaðar? Þessu svaraði útvarp Matthildur þegar árið 1972 en þar segir: "Nýlega flutti Skjóni á Lömýri frumvarp á þarfaþingi Matthildar um róttækar breytingar á myntkerfi landsins. Í greinargerð með frumvarpinu er mælt með því að krónan verði lögð niður sem gjaldmiðill

farmhald á síðu 2

ÍSAL-samningar: Aðalkröfunni skotið á frest

Föstudaginn 28. f.m. voru samþykktir samningar milli Íslenska Álfélagsins og hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, er fela í sér 3% hækkun á brúttó laun vegna námsskeiðahalds til að auka starfshæfni verkamanna. Þessi launaauki, sem svo er nefndur, er borgaður út ársfjórðungslega og gildir þessi samningur frá 1. jan. 1978.

Þetta sérstaka samkomulag er gert á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar fulltrúa verkalýðsfélaganna og Ísal í almennu kjarasamningunum, sem gerðir voru í júní '77. Þar af leiðandi er þetta samkomulag óskilt kröfunni um fullar verðlagsbætur, því hér er aðeins verið að ganga frá sérstöku ákvæði í seinustu samningum.

Höfuðókosturinn við þetta samkomulag er því, að þau verkalýðsfélög, sem eru samningsaðilar við Álfélagið, gefa verulega eftir varðandi kröfuna um samninga í gildi og baráttuna gegn kaupránslögum ríkisvaldsins. Samkomulagið um launaaukana vegna námskeiðahalds er gert með því skilyrði, að útflutningsbanninu er aflétt og viðræður um fullar verðlagsbætur skulu ekki teknar upp aftur fyrr en 1. ágúst n.k.. Því verður að líta svo á, að samninganefndin í Straumsvík hafi fallið frá því að berjast gegn kaupránslögunum, sem er höfuðatriði fyrir verkalýðshreyfinguna í dag og þar með rofið samstöðuna við önnur verkalýðsfélög. Það er heldur ekki hægt að líta svo á að hér sé verið að semja um ígildi þeirra verðlagsbóta, sem af okkur voru teknar, því hér er aðeins verið að uppfylla sérstakt samkomulag, sem gert var í samningunum í júní fyrir tæpu ári.

Auk þess má benda á það, að þessi námskeiðahöld eiga ekki einungis að vera til þess að auka starfshæfni manna heldur eiga þau líka að stuðla að aukinni framleiðni og/eða hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins. Og ef rekstrartölur eru hagstæðar skal greiðast viðbót við þessi 3%. Hér er um mjög hættulega og óæskilega þróun að ræða, því hún stuðlar að því að gera verkamenn samábyrga með afkomu auðhringsins.